

# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 146

Febrúar 2020

## *Fréttabréf*



*Gunnar Hjaltason*

## **AÐALFUNDUR**

Aðalfundur Jökлараннsóknafélagс Íslандs verður haldinn þriðjudaginn 25. febrúar 2020 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslандs.

Efni fundarins: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum mun Halldór Ólafsson segja í máli og myndum frá upphafsárum félagsins, Jóni Eypórssyni stofnanda þess og því fólki sem með honum starfaði.

## ADALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 25. febrúar 2020 kl. 20:00 í sal 132 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur hafa borist)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

## FYRSTU ÁR JÖRFÍ

Á árunum milli 1950 og 1960 byggðist Jökларannsóknafélagið upp. Stórum verkefnum var hrint í framkvæmd og grunnurinn lagður fyrir starf sem nú hefur staðið í næstum sjö áratugi. Á þessum fyrstu tíu árum félagsins komust á reglulegar vorferðir á Vatnajökul, skálar voru byggðir í Esjufjöllum, Breiðamerkursandi, Jökulheimum og Grímsfjalli og Jökull festist í sessi sem árlegt tímarit félagsins. Þar birtust frásagnir af atburðum og jöklaferðum auk merkra ritrýndra vísindagreina á ensku. Síðast en ekki síst varð til öflugur kjarni jöklafélks. Sumt af þessu fólki er enn virkt í félaginu og hefur starfað innan þess í meira en sextíu ár. Halldór Ólafsson gekk ungur til liðs við JÖRFÍ og fór sína fyrstu ferð á Vatnajökul 1957 þegar gamli skálinn á Grímsfjalli var reistur. Hann hefur verið virkur í starfi félagsins alla tíð síðan. Því er vel við hæfi að hefja afmælisárið 2020 með því að Halldór sýni okkur myndir og segi frá þessum tímum, hvernig ferðum var háttað og fólkinu sem tók þátt í þeim, meðal annars Jóni Eyþórssyni, sem stofnaði Jökларannsóknafélagið og var formaður þess til dauðadags 1968.

## SJÖTÍU ÁRA AFMÆLI JÖRFÍ 2020

Eins og fólki er kunnugt þá verða sjötíu ár frá stofnun félagsins nú á þessu ári. Stofnfundur var haldinn 22. nóvember 1950, fyrsta hefti Jökuls kom út árið eftir, fyrstu tvö húsin (Esjufjöll og Breiðá) voru byggð sumarið 1951 og fyrsta vorferðin var farin 1953. Síðan hefur félagið eflst og dafnað, þó vissulega hafi skipst á skin og skúrir á sjötíu árum. Í tilefni afmælisins mun félagið standa fyrir nokkrum atburðum:

1. Afmælisferð í Jökulheima um verslunarmannahelgina, 31. júlí – 3. ágúst. Ferðin er hugsuð sem sumarferð fyrir alla fjölskylduna með gistingu í skálum eða tjöldum.
2. Hefðbundin þrettánda septemberferð í Jökulheima 11.-13. september.
3. Veglegur haustfundur seinni hluta október þar sem jöklar landsins og rannsóknir á þeim og tengdum fyrirbærum verða í fyrirrúmi.
4. Opnun sérstakrar sýningar í tilefni af afmæli félagsins í Náttúru-minjasafni Íslands í Perlunni. Sýningin verður í Dropanum, sérstöku afmörkuðu rými Náttúru-minjasafnsins fyrir sér-sýningar. Opnun er áætluð laugardaginn 21. nóvember.
5. Vegleg afmælisárshátíð, sama dag og áformað er að opna sýninguna í Perlunni, þ.e. laugardaginn 21. nóvember.

Við hvetjum félagsfólk til að taka þátt í ferðum og viðburðum og sér-staklega að taka laugardaginn 21. nóvember frá. Þá verður mikið um dýrðir.

Auk atburðanna sem nefndir eru hér að ofan þá mun sérstakt hefti Jökuls (70. árgangur) koma út í haust. Þar verða m.a. nokkrar greinar á íslensku um merka þætti í sögu jöklarannsókna og sögu könnunar jöklanna á áratugunum fyrir og fyrst eftir stofnun félagsins.

Að lokum vil ég vekja athygli á ferð Ferðafélags Íslands 27. júní, Jöklar hörfa, sem skipulögð er í samvinnu FÍ og JÖRFÍ. Þá verður farið að Gígjökli og Steinholt sjökli. Fararstjórar verða Hrafnhildur Hannesdóttir og Andri Snær Magnason.

**Magnús Tumi Guðmundsson**

## **SKÁLAGJÖLD 2020**

Á fundi stjórnar Jöklarannsóknafélagsins þann 13. janúar síðastliðinn var gjaldskrá fyrir gistingar í skálum félagsins ákveðin. Í tilefni af afmælisári félagsins þá er gjaldskráin óbreytt frá fyrra ári og er því sem hér segir:

	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	3.500,-	5.000,-
Jökulheimar	3.000,-	4.500,-
Esjufjöll	3.000,-	4.500,-
Aðrir skálar	2.000,-	3.500,-

**Tekið er við fyrirspurnum um bókanir í skálana á vef félagsins: ”<http://jorfi.is/>”, en á síðunni eru ítarlegar upplýsingar varðandi bókanir og skálana.**

## GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ, gönguhóps Jökларannsóknafélagsins, eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern fimmtudag kl. 17:30. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson (s: 822 2581) og Þóra Karlsdóttir (s: 866 3370). Dagskráin fram á haust er hér að neðan.

Dags.	Áfangastaður	Brottför
20. febrúar	Kópavogsdalur	Digraneskirkja
5. mars	Elliðaárdalur	Rafveituheimilið
19. mars	Laugardalur	Áskirkja
2. apríl	Straumur	N1 Hafnarfirði
16. apríl	Rauðavatn	Mbl, hádegismóum
30. apríl	Heiðmörk	Vífilsstaðahlíð
14. maí	Búrfellsgjá	Heiðmörk
28. maí	Hvaleyrarvatn	N1 Hafnarfirði
Sumarfrí		
6. ágúst	Mosfell	Mosfellskirkja
20. ágúst	Helgufoss	Gljúfrasteinn
3. september	Úlfarsfell	Úlfarsárdalur
17. september	Tröllafoss	



Við sporðamælingar undir Öræfajökli. Horft til Fall- og Virkisjökla, þann 21. október 2019. Ljósmynd: Svava Björk Þorlákssdóttir.



**Fararkostir í jöklamælingaferðum eru af ýmsum toga, og við hæfi að enn sé þarfasti þjónninn þar ekki undanskilinn. Steinar Steingrímsson gætir hrossa á meðan Gljúfurárjökull (efri mynd) er mældur. Ljósmynd: Árni Hjartarson.**

## VORFERÐ JÖRFÍ 2020

Vorferð Jöklarannsóknafélagsins er alla jafna farin í lok maí eða byrjun júní og stendur yfir í um viku, þó stundum hafi verið farið í tveggja vikna ferðir. Hópurinn í ferðinni samanstendur af sjálfboðaliðum úr JÖRFÍ, framhaldsnemum í jarðvísindum, ásamt vísinda- og tæknifólki frá m.a. Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofu Íslands. Fjöldi þátttakenda í ferðinni takmarkast við u.þ.b. 25 manns. Áhugasamir félagsmenn geta sótt um að taka þátt í ferðinni.

**Sjöfn Sigsteinsdóttir**

## SAMSTARFSVERKEFNI FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS OG JÖRFÍ Í TILEFNI AF 70 ÁRA AFMÆLI JÖRFÍ

Laugardaginn 27. júní verður farin fræðslu- og gönguferð ("Jöklar hörfa") inn í Þórsmörk að Gígjökli og Steinsholtsjökli. Brottför er snemma morguns með rútu frá skrifstofu Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6 ([sjá nánar í ferðaáætlun FÍ](#)). Í ferðinni verða báðir jöklarnir skoðaðir, undir leiðsögn rithöfundarins Andra Snæs Magnasonar, sem beint hefur sjónum okkar á áhrifamikinn hátt að orsökum og afleiðingum loftslagsbreytinga, og Hrafnhildar Hannesdóttur, jöklafræðings á Veðurstofu Íslands, sem heldur m.a. utan um sporðamælingar JÖRFÍ. Skoðuð verða ummerki eftir jökulhlaupin sem urðu í kjölfar eldsumbrota í Eyjafjallajökli þegar Gígjökull brotnaði upp og lónið fylltist af seti. Gígjökull hefur verið sporðamældur af sjálfboðaliðum JÖRFÍ með einhverjum hléum frá árinu 1930. Einnig verður gengið inn að Steinsholtsjökli en mælingar á sporði hans hófust árið 2005, en áður hefur dalurinn verið mikið rannsakaður vegna Steinsholtshlaupsins sem varð 1967.

**Hrafnhildur Hannesdóttir**

## BREYTINGAR Á HEIMILISFÖNGUM OG NETFÖNGUM

Stjórn JÖRFÍ leitast við að halda félagatalinu uppfærðu, og tryggja að tímaritið Jökull og fréttabréf félagsins berist félögum. Hafi heimilisföng eða netföng breyst, eða sakni félagar Jökuls eða fréttabréfs þá viljum við gjarnan fá skeyti þess efnis. Upplýsingar óskast sendar um viðmót á [vefsíðu félagsins](#), eða með tölvuskeyti á ”stjorn hjá jorfi.is”.



Erfiðar aðstæður til sporðamælinga við Skeiðarárjökul, 5. október 2019.  
Ljósmynd: Ragnar Frank Kristjánsson.

Enn eru að berast mælingar á stöðu jökulsporða síðasta haust og verður helstu niðurstöðum gerð skil í næsta fréttabréfi.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfván Ágústsson